

Mál nr. 45/2018**M og
váttryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar.****Gildissvið undanþáguákvæðis í váttryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar
fjölskyldutryggingar.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 5.2.218, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 22.2.2018, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M höfðaði dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur [...] til ógildingar á úrskurði sem [...] hafði áður kveðið upp gegn M. Í úrskurðinum kemur fram að nefndin áminnti M fyrir tiltekin ummæli sem hann viðhafði í samskiptum við þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur í kjölfar þess að dómstjórinn hafði synjað M um útgáfu stefnu til flýtimeðferðar í einkamáli sem M rak fyrir umbjóðanda sinn.

V hafnaði greiðsluskyldu úr váttryggingunni með vísan til greinar 47.3 í skilmálum váttryggingarinnar, þar sem fram kemur að váttryggingin bæti ekki kostnað sem til fellur vegna ágreinings: „*[Sem] er í tengslum við atvinnu eða embætti váttryggðs.*“. Byggir V á því að málið eigi rætur að rekja til atvinnu M og að samskipti M við dómstjóran hafi verið til komin vegna vinnu hans í þágu umbjóðenda sinna og þar af leiðandi hafi þau verið í beinum tengslum við störf hans sem lögmaður.

M telur undanþáguákvæði váttryggingarinnar ekki eiga við, þar sem skýra beri framangreint undanþáguákvæði þröngt. Vísar M í þessu sambandi til þess að þau atvik sem liggja til grundvallar úrskurði [...] hafi ekki verið í tengslum við störf sín sem lögmaður og að ummælin sem M hafi verið áminntur fyrir í samskiptum sínum við dómstjóran hafi fallið eftir að öllum lögfræðilegum erindum við hann var lokið og tengist ekki atvinnu hans heldur tjáningarfrelsi einstaklinga.

Álit.

Málsókn M á hendur [...] byggir á að fá ógiltan með dómi úrskurð úrskurðarnefndar lögmanna sem fól í sér áminningu vegna starfa M sem lögmaður. Mátalilbúnaður M byggir m.a. á því að M hafi verið að sinna starfi sínu sem lögmaður þegar hann sýndi af sér þá háttsemi sem nefndin því að lögmönnum skuli játuð rúm heimild til að gagnrýna störf dómara og að hann hafi verið að sinna því lykilhlutverki lögmanna að efla rétt og hindra órétti.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu og af þeim meginsjónarmiðum sem M byggir ógildingarkröfu sína í stefnu fyrir héraðsdómi verður að teljast ljóst að málsókn M í einkamáli er alfarið til komin vegna atvinnu og starfa M sem lögmans. Verður því fallist á röksemdir V um að ágreiningurinn sé í slíkum tengslum við atvinnu M að málarekstur hans falli undir skýrlega orðað undanþáguákvæði gr. 47.3 í skilmálum váttryggingarinnar. Skilyrði til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingunni eru því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 16. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Lúðvík Bergvinsson lögmaður